

Mál nr. 410/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Váttryggingasvik.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 6. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 27. febrúar 2023, ásamt dómi Landsréttar í máli nr. 21/2022.

Málsatvik.

M, ók bifreiðinni X hinn 30. nóvember 2018 og skv. tjónstilkynningu til V varð árekstur milli X og annarrar bifreiðar á bifreiðastæði fyrir utan verslun í Seljahverfi í Reykjavík. Nánar tiltekið ók M bifreiðinni X aftur á bak á á aðra bifreið sem var kyrrstæð á bifreiðastæðinu. M telur að gólfmotta í bifreiðinni hafi á einhvern hátt fest bensínjöfina með fyrrgreindum afleiðingum og að aksturshraði A hafi verið á bilinu 30 til 40 kílómetrar á klukkustund í aðdraganda árekstrar. M leitaði samdægurs til læknis og í tjónstilkynningu kemur fram að slys hafi orðið á fólki. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir matsgerð dags. 10. desember 2019 þar sem afleiðingar líkamstjóns M voru metnar.

V hafnaði bótaskyldu í desember 2019, eftir að hafa áður viðurkennt hana, og vísaði gruns um váttryggingasvik, þ.e. að atvik hefðu verið sett á svið og þannig hefðu bæði M og ökumaður kyrrstæðu bifreiðarinnar hefðu haft ásetning til þessa. Þeir sömu voru kærðir til lögreglu vegna sömu málavaxta. Í janúar 2021 lauk rannsókn lögreglu með því að málið var fellt niður og sú ákvörðun staðfest af hálfu ríkissaksóknara með ákvörðun 17. maí 2021. Dómur hefur einnig gengið í máli ökumanns hinnar kyrrstæðu bifreiðar, nánar tiltekið dómur Landsréttar í máli 21/2022, sem kveðinn var upp 24. febrúar 2023. Þar var V dæmt til greiðslu bóta vegna líkamstjóns þess ökumanns og talið ósannað að atvik hafi verið sett á svið, eða valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Atvik í því máli höfðu einnig verið til umfjöllunar í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 73/2020 þar sem nefndin komst að sömu niðurstöðu og kom fram í dómi Landsréttar.

M telur að hann eigi rétt á bótum vegna líkamstjóns síns og vísar til þess að V hafi viðurkennt bótaskyldu í upphafi og sé V bundinn við þá viðurkenningu. Einnig vísar M til niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 73/2020 sem og dóms Landsréttar frá 24. febrúar sl.

V hefur ítrekað við nefndina að félagið hafni bótaskyldu og vísar til þess að M beri sönnunarbyrði fyrir því atvik það sem leitt hafi til líkamstjóns hans hafi yfirhöfuð átt sér stað. V telur tjónstilkynningu ekki næga heimild um það, vísar til teikninga af ákomum á bifreiðunum og þess að bifreið X hafi verið fargað þannig að ekki sé hægt að staðreyna að tjón hafi orðið á þeirri bifreið. V telur að M verði að bera hallann af því að hafa ekki tilkynnt um atvikið til lögreglu eins og borið hafi að gera þar sem tjónstilkynning beri með sér að slys hafi orðið á fólki, sbr. 2. mgr. 10. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Einnig telur V að ef sannað er að atvikið hafi átt sér stað hafi M ekið viljandi á hina kyrrstæðu bifreið og hinn ökumaðurinn vitað af því og þannig sé um ásetning að ræða og tilraun til tryggingasvika, sbr. 248., sbr. 155. og 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. V bendir einnig á að engin vitni hafi gefið sig fram af atvikinu og skýringar M um erindi á þann stað sem áreksturinn varð ótrúverðugar. Einnig hafi M þekkt hinn ökumanninn og báðar bifreiðar hafi verið keyptar innan við tveimur mánuðum fyrir hið meinta atvik og bifreið X tryggð hjá V einungis 8 dögum fyrir það. Einnig vísar V til þess að sami aðili hafi skrifað tjónstilkynningu þó reynt hafi verið að láta líta út fyrir að það hafi verið tveir með því að nota ósamhlita penna. Ósamræmi sé einnig varðandi aðstæður á bifreiðastæði og lýstum ákomum á bifreiðunum, M og hinn ökumaðurinn hafi ekki tryggt sér sönnun með því að kalla til t.d. sjálfstætt tjónaskoðunarfyrtæki, árekstur.is auk þess sem ökumaður kyrrstæðu bifreiðarinnar (stefnandi í máli Landsréttar nr. 21/2022) hafi átt fyrirfram bókaðan tíma hjá lækni 30. nóvember 2018 án þess að geta gefið skýringar á því. V telur einnig að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem hann hafi búið yfir upplýsingum sem hann mátti vita að gætu haft áhrif, t.d. að hann þekkti ökumann kyrrstæðu bifreiðarinnar.

Álit.

Í þessu máli er sams konar ágreiningur uppi og í máli nefndarinnar nr. 73/2020 sem varðaði ökumann hinnar kyrrstæðu bifreiðar sem M kveðst hafa ekið bifreiðinni X á hinn 30. nóvember 2018. Í dómi Landsréttar hinn 24. febrúar sl. í máli réttarins nr. 21/2022 er fjallað um stóran hluta þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir í þessu máli um atvikið sem slíkt, sem og huglæga afstöðu stefnanda í því máli, þ.e. ökumann hinnar kyrrstæðu bifreiðar sem M ók X á og var V þar dæmt til greiðslu bóta á þeim forsendum að sannað væri að atvikið hefði átt sér stað, þ.e. árekstur milli X og hinnar kyrrstæðu bifreiðar, ekki væri sannað að tjóni hafi verið valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi og að orsakatengsl væru milli metins líkamstjóns og atviksins.

Þegar atvik í þessu máli eru metin verður ekki hjá því litið að nefndin hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að atvik séu sönnuð, þ.e. að gögn málsins sýni að árekstur hafi orðið þannig að bifreiðinni X hafi verið ekið á kyrrstæða bifreið. M var ökumaður bifreiðarinnar og verður að leggja sjálfstætt mat á það hvort sýnt sé að hann hafi gert það af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi þannig að V geti takmarkað ábyrgð sína skv. 89. eða 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Sönnunarbyrði um slíka háttsemi M ber V. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að háttsemi M verði rakin til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis þó aðstæður í aðdraganda tjónsatviksins séu að einhverju leyti ótrúlegar. Til þess að V geti beitt fyrrgreindum ákvæðum til takmörkunar á ábyrgð sinni verður félagið að leggja fram skýrari sönnunargögn en þau sem fyrir liggja. Í því samhengi er einnig litið til þess að rannsókn lögreglu vegna meintrar tilraunar til fjárvika af hálfu M var felld niður og sú ákvörðun staðfest af hálfu ríkissaksóknara í maí 2021. Þó sönnunarkröfur séu ekki þær sömu í sakamáli og einkamáli verður ekki hjá því litið að vafi um sönnun ásetnings eða stórkostlegs gáleysis M verður að meta V í óhag skv. almennum sönnunareglum. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að skilyrði 120. gr. laga um vátryggingarsamninga sé uppfyllt. M á því rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins X hjá V, en matsgerð um afleiðingar líkamstjóns hans hefur ekki verið hnekkta af hálfu V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 28. mars 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir